

Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Nýlega er lokið úttekt sem [menntamála-ráðuneyti](#) lét gera á [Fjölbrautaskóla Snæfellinga](#) (FSN). Úttektin var unnin af Trausta Þorsteinssyni frá skólaþróunarsviði [Háskólans á Akureyri](#) og Ásrúnu Matthíasdóttur frá kennslufræði- og lýðheilsudeild [Háskólans í Reykjavík](#). Miðaðist úttektin við fyrstu þrjú árin í starfsemi skólans en hann tók tók til starfa haustið 2004.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Kirkjufell í baksýn

Við úttektina var leitast við að svara eftirfarandi meginspurningum:

1. Er starfsemi FSN, frá því hann hóf starfsemi haustið 2004 og til loka skólaárs 2006-2007, í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru til starfseminnar með stofnun skólans og ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár?
2. Hvernig hefur til tekist með þróun nýrra kennsluhátta, fyrirkomulag dreifmenntunar og nýtingu upplýsingatækni?
3. Hefur skólanum tekist að mæta þörfum íbúa á svæðinu fyrir menntunarráði á framhaldsskólastigi?

Í helstu niðurstöðum úttektarinnar kemur meðal annars fram að almennt hafi vel til tekist í starfi FSN á fyrstu starfsárum hans. Einnig segir að fjöldi nemenda hafi orðið nokkru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem bendi til þess að skólinn hafi skapað sér tiltrú og uppfyllt þær væntingar sem til hans voru gerðar. Í úttektarskýrslunni kemur jafnframt fram að allt skipulag skólans taki mið af því að honum sé ætlað að vera leiðandi í breyttum kennsluháttum og í notkun upplýsingatækni með áherslu á dreifmennt. Kennsluhættir virðist styðja það hlutverk skólustarfsins að þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum

vinnubrögðum og efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, umburðarlyndi og sjálfstraust nemenda.

Helstu úrbætur sem úttektaraðilar benda á að skólinn þurfi að vinna að eru meðal annars að endurskoða þurfi með hvaða hætti fyrsta árs nemendur séu leiddir inn í starfshætti skólans, að námsmat hafi lítið þróast í takt við breytta kennsluhætti og að mikilvægt sé að skólinn hafi reglubundið og markvisst mat á starfinu. Einnig er lagt til að skólinn kanni ástæður brottfalls í skólanum sem úttektaraðilar telja að kunni að einhverju leyti að stafa af því að skólinn býður ekki nema að mjög litlu leyti upp á starfsnám.

[Úttektarskýrsluna](#) má nálgast á vef menntamálaráðuneytis.

Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið mun fara fram á öllum Norðurlöndunum á tímabilinu 1. október til 1. apríl næstkomandi. Verður þetta í 23. skiptið sem við tókum þátt í þessu samnorræna hlaupi og höfum við staðið okkur mjög vel í samanburði við frændþjóðir okkar þar sem allt að því helmingur nemenda í grunnskólum landsins hefur hverju sinni tekið þátt í hlaupinu. Norræna skólahlaupið er í dag orðið fastur liður í íþróttakennslu margra skóla á landinu.



Á síðasta skólaári 2006-2007 lögðu íslenskir nemendur að baki 30.228 kílómetra. Til samanburðar má geta þess að vegalengdin sem nemendurnir hlupu samsvarar því að hlaupið hafi verið 22 sinnum kringum landið eftir hringveginum. Alls hlupu 8.132 nemendur úr 48 grunn- og framhaldsskólum en allir nemendur og skólar sem taka þátt fá viðurkenningarskjöl sem [Mjólkursamsalan](#), MS, hefur styrkt á myndarlegan hátt. Samstarfsaðili að þessu verkefni er einnig [Íþróttakennarafélag Íslands](#). Heildarúrslit hlaupsins eru birt í fjölmiðlum og send skólum landsins.

Með Norræna skólahlaupinu er leitast

við að hvetja nemendur skólanna til þess að æfa hlaup og aðrar íþróttir reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Norræna skólahlaupið er ekki keppni heldur er fyrst og fremst verið að hvetja nemendur til hollrar hreyfingar.

Allar frekari upplýsingar um Norræna skólahlaupið 2007 er að fá hjá íþrótt- og æskulýðsdeild í [menntamála-ráðuneyti](#) og stjórn [Íþróttakennarafélags Íslands](#).

Börn og menning: Þýðing fagurfræði í barnamenningu og menningu barna

Dagana 25. – 28. október síðastliðinn var haldin á [Hótel Örk](#) í Hveragerði norræn ráðstefna um barnamenningu. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Börn og menning – þýðing fagurfræði í barnamenningu og menningu barna“. Þetta var þriðja og síðasta ráðstefnan í þriggja ára þverfaglegu verkefni norrænna fræðimanna á sviði barnamenningar þar sem stefnt er saman fræðimönnum á hug- og félagsvísindasviði til að fá upplýsingar um stöðu barna, bernskunnar og barnamenningar á 21. öld. Verkefninu, sem hefur verið styrkt myndarlega af norrænu ráðherranefndinni, var komið á fót árið 2004 í samstarfi við stjórnarnefnd norrænu ráðherra-nefndarinnar um barnamenningu en þar var á þeim tíma í forsæti fulltrúi [menntamálaráðuneytis](#). Efni fyrri ráðstefnanna tveggja var „Börn og menning – í ljósi kenninga og aðferðafræði“ (Kaupmannahöfn 2005) og „Börn og menning – í þjóðfélaginu“ (Oslo 2006).



Að ráðstefnunni í Hveragerði stóð norræna tengslanetið [BIN-Norden](#) í samstarfi við [Kennaraháskóla Íslands](#). Fyrirhugað er að gefa út heildarrit fyrir verkefnið og ráðstefnurnar voru 2008.

